

---

# KJARASAMNINGUR

milli Náttúrustofu Vestfjarða og  
Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)  
um kjara- og réttarstöðu félagsmanna FÍN.

## 1.gr.

*Gildissvið*

Kjarasamningur þessi tekur til þeirra starfsmanna Náttúrustofu Vestfjarða, kt. 610397-2209, Aðalstræti 21, Bolungarvík, sem eru félagar í Félagi íslenskra náttúrufræðinga og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum.

## 2. gr.

*Meginefni*

Um kjör félagsmanna sem samningur þessi tekur til og samskipti aðila samnings þessa skal fara eftir öllum form- og efnisákvæðum kjarasamings Félags íslenskra náttúrufræðinga við fjármálaráðherra á hverjum tíma – svo og fylgiskjölum og bókum eftir því sem við á – nema öðruvísi sé sérstaklega um samið í kjarasamningi þessum við Náttúrustofu Vestfjarða. Breytingar á ráðingarsamningi félagsmanni í óhag eru ógildar, sbr. 24. gr. laga nr. 94/1986 um kjarsamninga opinberra starfsmanna.

## 3. gr.

*Önnur réttindi*

Um kjör félagsmanna og réttindi fer einnig að breyttu breytanda eftir eftirfarandi samningum ríkisins við BHM f.h. aðildarfélaga þess:<sup>1</sup>

- a) Samkomulagi um trúnaðarmenn, dags. 9. janúar 1989, milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BHMR f.h. aðildarfélaga.
- b) Samkomulagi um starfshætti samstarfsnefnda, dags. 9. janúar 1989 milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BHMR f.h. aðildarfélaga.
- c) Samkomulagi um form ráðingarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðingarkjör milli fjármálaráðherra annars vegar ASÍ, BHM og BHMR hins vegar, dags. 25. júní 1996 (sbr. reglur nr. 351/1996).
- d) Samkomulagi um lágmarksreglur um auglýsingar á lausum störfum samkvæmt 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM og BSRB hins vegar, dags. 12. ágúst 1996 (sbr. reglur nr. 464/1996).
- e) Samningi um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, dags. 23. janúar 1997, milli fjármálaráðherra f.h. ríkisins, Reykjavíkurborgar og Launaneftnar sveitarfélaganna annars vegar og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ hins vegar.
- f) Samningi um rétt þungaðra kvenna til mæðraskoðunar, dags. 13. ágúst 1999, milli fjármálaráðherra og BHM.

---

<sup>1</sup> Ath! Gera þarf þríhliða samning um vörslu og ávöxtum orlofslauna á borð við samning, dags. 25. maí 2001, milli SPRON, fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM. Þar var orlofsfjárvöxtun hækkuð um 0,8%-stig, þ.e. úr 5,5% hjá Póstgíróstofunni í 6% hjá SPRON sem er þá lágmarksfordæmi fyrir þann banka eða sparisjóð sem hreppir hnossið.

#### **4. gr.**

##### *Réttarstaða*

Réttindi og skyldur félagsmanna í starfi hjá Náttúrustofu Vestfjarða skulu að öllu leyti vera hliðstæð réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalaga), svo og stjórnsýslulögum nr. 37/1993, - þ.m.t. samkævmt form- og efnisreglum, sem stofnun ber að virða áður en gripið er til uppsagnar, að undangenginni áminningu ef við á, sbr. 21. og 44. gr. laga nr. 70/1996, svo og skyldu stofnunar til þess að rökstyðja uppsögn og áminningu. Kærustig samkvæmt 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr., 5. mgr. 26. gr., 2. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 44. gr. er stjórn Náttúrustofu.

#### **5. gr.**

##### *Efni ráðingarsamnings*

Við ráðningu félagsmanna er skylt að nota til þess gerðan ráðingarsamning, sem báðir aðilar viðurkenna. Í ráðingarsamningi skal auk tilvísunar í starfslýsingu tilgreina starfsheiti, laun, greiðslutímabil launa, vinnutímafyrirkomulag, vinnutíma, vinnustað, upphafstíma ráðningar – svo og lokadag sé ráðning tímabundin, starfsaldur, og önnur starfskjör, svo og stéttarfélag, sem starfsmaður velur. Að öðru leyti vísast í samkomulag um form ráðingarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðingarkjör milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM, og BSRB hins vegar, dags. 25. júní 1996 (sbr. reglur nr. 351/1996).

#### **6. gr.**

##### *Lífeyrissjóðsaðild*

Félagsmenn skulu vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og greiða 4% iðgjald til LSR. Náttúrustofan greiðir mótframlag til LSR samkvæmt reglum LSR á hverjum tíma, nú 11,5% í A-deild, og ber þá ábyrgð á skuldbindingum sem lög um LSR, samþykktir LSR og ákvarðanir stjórnar og starfsnefndar LSR á hverjum tíma fela í sér.

#### **7. gr.**

##### *Sjóðsaðild*

Aðild félagsmanna að öðrum sjóðum á vegum BHM – Orlofsjóði BHM, starfsmenntunarsjóði BHM (eldri deild) nýjum Styrktarsjóði BHM, svo og Fjölskyldu- og styrktarsjóði opinberra starfsmanna – er óbreytt og sem endranær háð greiðslu sjóðsframlags samkvæmt gildandi kjarasamningi sem vísað er til í samningi þessum.

#### **8. gr.**

##### *Gildistími*

Gildistími kjarasamnings þessa er sajá sami og gildistími núgildandi kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga við fjármálaráðherra og asturvirkur að því leyti og rennur því út sjálfkrafa án uppsagnar 30. nóvember 2004 en að því loknu skal farið eftir kjarasamningnum og öðrum samningum, sem vísað er til í samningi þessum, uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður milli aðila þessa samnings, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

**9. gr.**

*Lagarammi*

Um samskipti aðila kjarasamnings þessa – þ.m.t. réttarstöðu trúnaðarmanna, samstarfsnefndir, gerð kjarasamninga og vinnudeilur – gilda þeir samningar, sem vísað er til í samningi þessum, sov og lög um kjarsamninga opinberra starfsmanna, sbr. 2. gr. laganna.

**10. gr.**

*Betri réttur*

Félagsmenn, sem notið hafa betri réttinda en samningur þessir gerir ráð fyrir, skulu halda þeim óskertum.

Reykjavík, hinn 1. janúar 2006,

F. h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

f.h. Náttúrustofu Vestfjarða

Pál Hjálðósson  
Þróunars. Þoraldsd.

Anna G. Edwardsdóttir